Kópavogi, 13. ágúst 2026
26011426/ KHK/AK

Vatnsendablettur 1B

Umsókn um breytingu á aðal- og deiliskipulagi Vatnsenda, svæði „Milli vatns og vegar“

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 16. mars 2026 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts dags. 16. janúar 2026 f.h. lóðarhafa Vatnsendabletta nr. 1B og 510 og landeiganda Vatnendalandsins, um breytingu á aðal- og deiliskipulagi.

Í breytingunni felst breytt landnotkun á opnu svæði skv. aðalskipulagi og gert er ráð fyrir 18 nýjum einbýlishúsalóðum á svæðinu. Umsókn um breytinga á aðal- og deiliskipulagi dags. 30. desember 2025 fylgir uppdráttur og skýringarmyndir dags. 11. desember 2024, hönnunaráætlun ódags. og framkvæmdaáætlun ódags.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 28. janúar 2026 var erindinu vísað til skipulags- og umhverfisráðs. Þá var lögð fram verklýsing dags. mars 2026, skýringarhefti VBV um gatnagerð og lagnir dags. í mars 2026 og minnisblað VBV um gatnagerð, jarðvegsskipti og kennisnið gatna dags. 5. desember 2025.

Umsögninni fylgir jafnframt minnisblað Umhverfissviðs dags. 1.júlí 2026 „Gatnagerð og innviðir, samráð við lóðarhafa. Staða mála“, þar sem gerð er grein fyrir stöðu uppbyggingar innviða og fyrirkomulagi reksturs þeirra.

Erindinu var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Fyrri erindi og afgreiðslur

Lóðarhafi Vatnsendabletts 1B hefur áður lagt fram erindi til skipulagsyfirvalda um breytingar á landnotkun og skipulagi svæðisins. Erindin hafa tekið til breytinga á landnotkun og fjölgun íbúðarlóða, og hafa verið tekin til umfjöllunar hjá skipulagsráði á undanförnum árum. Í öllum tilfellum hefur verið tekin neikvæð afstaða til erindanna með hliðsjón af gildandi aðalskipulagi, deiliskipulagi og sjónarmiðum um innviði og umhverfisáhrif.

Hér á eftir er yfirlit yfir helstu erindi og afgreiðslur skipulagsráðs vegna Vatnsendabletts 1B:

- Þann 3. nóvember 2020 óskaði lóðarhafi eftir breytingu á landnotkun Vatnsendabletts 1B þannig að heimilt yrði að byggja 7 íbúðarhús á lóðinni. Skipulagsráð hafnaði erindinu á fundi sínum 29. mars 2021, sjá minnisblað lögfræðideildar, dags. 25.03.2021.
- Þann 12. maí 2022 var óskað eftir heimild til að breyta lóðinni í 7 lóðir. Erindinu fylgdu skýringaruppdrættir. Skipulagsráð leit neikvætt á framlagða breytta fyrirspurn (dags. 2. september 2022) á fundi sínum þann 3. október 2022, sjá umsögn skipulagsdeildar og framkvæmdadeildar, dags. 28.09.2022 og minnisblað varðandi fráveitu, dags. 29.08.2022.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Drög að deiliskipulagi dags. september 2022

- Þann 15. júní 2023 óskaði lóðarhafi eftir breytingu á landnotkun Vatnsendabletts 1B þannig að heimilt yrði að byggja 7 íbúðarhús á lóðinni. Skipulagsráð hafnaði erindinu á fundi sínum 21. ágúst 2023, sjá sameiginlega umsögn skipulagsdeildar og framkvæmdadeildar, dags. 11.08.2023.

Drög að deiliskipulagi dags. júní 2023

- Þann 8. desember 2023 var lögð inn uppfærð og endurbætt umsókn um breytingu á landnotkun þar sem, meðal annars er búið að lækka húsin, þannig að þau séu öll einungis 1 hæð, færa byggðina fjær hverfisvernduðu svæði, bæta við göngustígum og tryggja tæknilega innviði. Skipulagsráð hafnaði erindinu á fundi þann 4.3.2024, sjá umsögn skipulagsdeildar 1. mars 2024 og minnisblað um breytingar á skipulagssvæðinu 13.mars 2024 sem lagt var fram í kjölfarið.

Drög að deiliskipulagi dags. desember 2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Forsendur í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er Vatnsendablettur 1B á opnu svæði **OP-5.19** Elliðavatnssvæði. Á þéttbýlisuppdrætti er einnig gert ráð fyrir göngu- og/eða hjólaleið við lóðina.

Í greinargerð aðalskipulags er m.a. að finna eftirfarandi markmið og umfjöllun um sjálfbærar lausnir, blágrænar ofanvatnslausnir, opin svæði, hverfisvernd o.fl.:

- *„Huga skal að sjálfbærum lausnum og bent á blágrænar ofanvatnslausnir meðal annars til að stuðla að náttúrulegri endurhleðslu grunnvatns, minnka álag á fráveitukerfi, draga úr mengun og vernda vatnsgæði viðtaka. Taka skal tillit til aðstæðna á hverjum stað svo sem undirlagi, landhalla og mögulegum viðtaka ofanvatns“* (Kafli 2.1.1 Íbúðarbyggð – Markmið, leiðir, þróun, áætlun, bls 35)
- *„Öruggt aðgengi að opnum svæðum og þjónustu fyrir alla verði tryggt í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.*
- *Opin svæði verði innan hvers hverfis sem tryggi íbúum fjölbreytta aðstöðu til útivistar. Frágangur nýrra opinna svæða fylgi vexti og uppbyggingu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um örugg og aðgengileg græn svæði.*
- *Stefnt skal að því að opin svæði verði ekki skert enda bjóða þau upp á umhverfisleg gæði.*
- *Skjólsæld verði aukin og umhverfi Kópavogs fegrað með aukinni trjárækt.*
- *Í allri skipulagsvinnu skal lögð áhersla á góðar tengingar á milli útivistarsvæða.“* (Markmið í kafla 4.1.5 Opin svæði, bls. 83)

„Í Kópavogi tilheyra stór svæði landnotkunarflokknum opin svæði, þ.e. strandlengja Kársness, Fossvogsdalur, Kópavogsdalur, Vatnsendahvarf, Vatnsendahlíð, Vatnsendaheiði og strönd Elliðavatns. Öll þessi svæði eru mikilvægir hlekkir í keðju opinna svæða í heimalandi Kópavogs. Út frá þeim teygjast grænir geirar inn í aðliggjandi byggð.“ (Kafli 4.1.5 Opin svæði, bls. 83-84)

OP.5.19 Elliðavatnssvæði. *Svæði sem liggur um Vatnsenda að Elliðavatni. Stærð: 13,59 ha*

(Kafli 4.1.5 Opin svæði, Tafla 4.3. Yfirlit yfir opin svæði, bls. 88)

HV-14. Elliðavatn. *Skilgreint sem hverfisverndað svæði vegna fjölbreytts dýralífs sem þar þrífst og vegna mikilvægis vatnsins til útivistar. Verndin nær frá fjöruborði og að sveitarfélagamörkum Kópavogs og Reykjavíkur um miðbik vatnsins. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir aðalstíg meðfram vatninu og áningarstöðum við hann. Meðfram Elliðavatni er að jafnaði 50 metra breitt belti sem er eins konar helgunarsvæði vatnsins. Þar eru ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús. Landnotkun á helgunarsvæðinu einkennist af því að það er að mestu leyti óbyggt svæði, en að hluta til landbúnaðarland Vatnsenda, trjárækt og útivistarsvæði Sjálfsbjargar. Stærð: 92,11 ha*.

(Kafli 4.1.8 Hverfisverndarsvæði, Tafla 4-6. Yfirlit yfir hverfisverndarsvæði, bls. 94)

- Sama atriði kemur fram í deiliskipulagi fyrir svæðið í grein um „Byggð“. Deiliskipulag kallast ,,Milli vatns og vegar“ sjá næsta lið „Deiliskipulag – Forsendur“.

VS-1 Strandsvæði / Elliðavatn. *Flokkur II: Önnur strandsvæði. – Strandsvæðið við Elliðavatn tilheyrir þeim flokki.*

(Kafli 4.1.11 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Tafla 4-6. Yfirlit yfir strandsvæði, bls. 102)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Úr þéttbýlisuppdrætti gildandi aðalskipulags Kópavogs. Myndin er ekki í mælikvarða.

Deiliskipulag Vatnsendahvarfs „Milli vatns og vegar“.

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið *„Milli vatns og vegar“* samþykkt í bæjarstjórn þann 08. maí 2001. Ekki er gert ráð fyrir íbúðabyggð á umræddu svæði. Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að það svæði sem er utan íbúðalóða, umferðaræða og landbúnaðarsvæða er skilgreint í aðalskipulagi sem opið svæði.

„Reiðleiðir og gönguleiðir liggja um svæðið og eru þær hluta af stærra heildarskipulagi en m.a er gert ráð fyrir sérstakri gönguleið meðfram vatnsbakkanum. Akstursaðkoma fyrir almenning er að vatninu á tveim stöðum.“ með vísan til greinargerðar deiliskipulags kafla „Opin svæði og afþreying“.

Deiliskipulagssvæðið nær til alls 37 ha svæðis sem afmarkaðist Elliðavatni og ánni Dimmu til austur og norðurs, Vatnsendavegi (nú Fornahvarfi) til norðvestur, Elliðahvammsvegi til suðvesturs og vatnsverndarlínu grannsvæðis frá 1998 til suðurs þ.e. í u.þ.b. miðju landi Vbl. 134. Í deiliskipulaginu er íbúðarlóðir afmarkaðar bæði fyrir íbúðarhús sem nú þegar voru á svæðinu sem og byggingarlóðir fyrir ný íbúðarhús. Deiliskipulagið gerði ráð fyrir 27 nýjum íbúðarhúsalóðum. Ekki var gert ráð fyrir sumarbústöðum á deiliskipulagsvæðinu og gert var ráð fyrir að þeir verði fjarlægðir þegar íbúðarhús verða byggð á lóðum frá einstökum leigulöndum. Þau svæði sem eru utan íbúðarlóða, umferðaræðar og landbúnaðarsvæða voru skilgreind í aðalskipulagi sem opið svæði og svæði til sérstakra nota. Deiliskipulagið leyfir að byggja hesthús og gerði á íbúðarlóðum, sjá nánar greinargerð deiliskipulags.

Í skipulagsvefsjá HMS eru skráðar 16 breytingar á deiliskipulagi Vatnsenda svæði milli vatns og vegar. Breytingar þær sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu eru í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Umsókn um breytingu á aðal- og deiliskipulagi, dags. 30. janúar 2025

Þess er farið á leit að Kópavogsbær samþykki að landnotkun á umræddu svæði verði breytt í íbúðabyggð. Fyrirhuguð breyting felur í sér að svæðið, sem nú er skilgreint sem opið svæði í aðalskipulagi, verði skilgreint sem íbúðarsvæði. Umsækjandi bendir á að breytingin stuðli að betri nýtingu lands, auknu framboði íbúðarhúsnæðis og hagkvæmari nýtingu innviða. Þá er vísað til þess að fyrirhuguð uppbygging sé í samræmi við mælikvarða og eðli núverandi byggðar á svæðinu, þar sem gert er ráð fyrir einnar hæðar sérbýlishúsum af svipaðri stærð og finnast í nágrenni svæðisins.

Jafnframt er lögð áhersla á í breytingartillögunni að skilgreina ný opin svæði til almennrar útivistar og tryggja aðgengi að þeim, auk þess sem vernd núverandi gróðurs og náttúrulegra svæða er sett fram sem markmið í tillögunni.

Í umsókn um deiliskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir að stofnaðar verða í allt 18 nýjar sérbýlishúsalóðir með aðkomu frá húsagötunni Vatnsendabletti. Fimm lóðum verður komið fyrir á blettinum V237 og hús sem þar er fyrir verður fjarlægt. Ellefu lóðum verður komið fyrir austan V235 á opnu svæði og tveimur lóðum austanvert við V237 (Dimmu).

Á lóðum þessum verður heimilt að reisa einnar hæðar einbýlishús ásamt innbyggðri bílageymslu innan byggingarreits frá 235 m^2 að 275 m^2 að flatarmáli. Gert er ráð fyrir þremur bílastæðum á hverri lóð.

Mynd sýnir tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendablett 1B.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Við Vatnsendablett 1B er gert ráð fyrir að leggja húsagötu til móts við Vatnsendablett 1A sem veitir aðkomu að 5 lóðum. Gert er ráð fyrir að gatan verði lögð bundnu slitlagi og verði í samræmi við hefðbundna húsagötu á bæjarlandi. Götulýsing verði hófleg og miðast við að hæð ljósastaura fari ekki yfir 1,5 m.

Þá er gert ráð fyrir þremur útisvæðum til almennra nota innan skipulagssvæðisins, samtals um 10.000 m² að stærð, sem ætluð eru fyrir leik og almenna útivist. Lögð er áhersla á að varðveita núverandi gróður þar sem því verður við komið og að ósnortin náttúrusvæði haldist sem mest óbreytt. Ekki er heimilt að fara um slík svæði með vinnuvélar eða önnur farartæki.

Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag svæðisins, Milli vatns og vegar frá 2001 með síðari breytingum.

Áhrif á umhverfi og nærliggjandi byggð eru metin takmörkuð. Gert er ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúða og umferðar, og að byggð verði lág og dreifð sem dregur úr áhrifum á ásýnd, útsýni og skuggavarp. Þá er gert ráð fyrir að úrbætur á vegum og göngustígum stuðli að auknu öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Ekki er talið að framkvæmdin hafi í för með sér verulega neikvæð áhrif á hljóðvist eða loftgæði, og fráveitumál eru leyst í samræmi við gildandi kröfur.

Í umsókninni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu tæknilegra innviða, þar á meðal fráveitu, vegtengingum og lýsingu. Fyrir liggja frumhönnunargögn fyrir veitukerfi svæðisins og gert er ráð fyrir að nýir lóðarhafar standi straum af kostnaði við uppbyggingu innviða.

Þá er lagt til að ofanvatni verði stýrt með svokölluðum blágrænum lausnum, sem stuðla að minni mengun og vernd vatnsgæða viðtaka.

Eignarhald og samþykki lóðarhafa

Samkvæmt framlögðum gögnum hefur skriflegs samþykkis frá meirihluta íbúa verið aflað, sem og skriflegs samþykkis lóðarhafa á því svæði sem fyrirhuguð skipulagsbreyting tekur til. Samþykki liggur fyrir frá samtals 26 aðilum, en einn aðili hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Af gögnum verður ráðið að almennt er jákvæð afstaða til fyrirhugaðrar uppbyggingar, þó að í nokkrum tilvikum sé samþykki háð tilteknum fyrirvörum.

Helstu fyrirvarar sem fram koma í samþykktum íbúa og lóðarhafa eru eftirfarandi:

- Að skýrt liggi fyrir hver aðkoma Kópavogsbæjar verður að framkvæmdum, þar á meðal eftirlit og ábyrgð.
- Að fyrir liggi yfirlýsing um framtíðarrekstur og viðhald innviða, svo sem vega, fráveitu, götulýsingar og snjómoksturs.
- Að nánari upplýsingar verði veittar um framkvæmd, þar á meðal fjármögnun, ábyrgðaraðila og tímasetningar.
- Að tryggt verði að ný byggð hafi ekki neikvæð áhrif á útsýni, hæð og ásýnd húsanna gagnvart núverandi byggð.
- Að tekið verði tillit til aðstæðna einstakra fasteigna, m.a. með tilliti til aðkomu og fyrirkomulags lagna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Umsögn og niðurstaða

Eins og fram hefur komið er sú uppbygging sem sótt er um, ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs né þá stefnu sem þar er mörkuð um opin svæði og þróun byggðar. Jafnframt er ljóst að sú breyting sem hér er óskað eftir felur í sér töluvert frávik frá núverandi byggðaformi á svæðinu.

Núverandi byggð á svæðinu er fremur dreifð og myndi fjölgun um 18 ný íbúðarhús fela í sér talsverða þéttingu og breytingu á núverandi aðstæðum. Að mati skipulagsfulltrúa er um það umfangsmikla breytingu að ræða að hana þurfi að meta í samhengi við þróun svæðisins í heild.

Slík heildstæð skoðun þarf meðal annars að taka til áhrifa á:

- Elliðavatn og strandsvæði þess,
- vistkerfi, náttúrugæði og útivistargildi svæðisins,
- veitur, samgöngur, innviði og þjónustu

Jafnframt þarf að meta samspil íbúðarsvæða og opinna svæða, tryggja jafnvægi þar á milli og varðveita hið náttúrulega yfirbragð sem einkennir svæðið í dag.

Slíka stefnumótun mætti vinna annaðhvort með breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið eða í tengslum við reglubundna endurskoðun aðalskipulags.

Í aðalskipulaginu er sett fram stefna um aukið vægi svæðisins við Elliðavatn sem útivistarsvæði, stefna um að viðhalda náttúrulegu yfirbragði strandarinnar og vernda fjölbreytt fugla- og dýralíf. Lögð er áhersla á að gera svæðið aðgengilegra almenningi fremur en að fjölga lóðum.

Á undanförnum árum hefur íbúðarhúsalóðum á skipulagssvæðinu fjölgað nokkuð og hefur það haft í för með sér áskoranir hvað gatna- og veitukerfi varðar. Í umsögn skrifstofustjóra umhverfissviðs dags. 1. júlí 2026 er fjallað um stöðu innviða á svæðinu.

F.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Eftirfarandi gögn fylgja erindinu:

1. Umsókn um aðal-og deiliskipulagsbreytingu dags. 30.desember 2025
2. Undirritun lóðarhafa
3. Deiliskipulagsbreyting, uppdráttur og skýringarmyndir og greinargerð, 11 desember 2024.
4. Hönnunaráætlun ódags.
5. Framkvæmdaáætlun ódags.
6. Yfirlit yfir samþykki íbúa Vatnsendahverfi
7. Fundargerð frá íbúafundi nr 4 haldin 15.janúar 2026
8. Vegaframkvæmdir og skipulagsmál
9. Verklýsing dags mars 2026
10. Vatnsendablettir,gatnagerð og lagnir dags. mars. 2026
11. Jarðvegsskipti og kennisnið gatna dags. 5. desember 2025
12. Vatnsendablettur -áætlun framkvæmdakostnaður
13. Vatnsendablettur áætlun verkönnun
14. Rafræn undirskrift allir
15. Rafræn undirskrift Björn Ingi
16. Rafræn undirskrift Þórfríður
17. Hönnunargögn eftir rýni
18. Vatnsendi tímalína erindis
19. Minnisblað til skipulagsráðs, dags. 17. ágúst 2026

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Yfirlit yfir helstu umsagnir og minnisblöð*

Dagsetning	**Umsögn/minnisblað**	Niðurstaða/Úrdráttur
25.03.2021	Minnisblað lögfræðideildar	Með hliðsjón af leigusamningi og skráningu mætti heimila breytingu á landnotkun, að uppfylltum skilyrðum. Hins vegar krefst vinna við deiliskipulag samþykkis landeiganda samkvæmt skipulagslögum. Án slíks samþykkis, eða þar til eignarhald hefur verið skýrt, er ekki unnt að hefja deiliskipulagsvinnu. Ekki er því tímabært að hefja breytingu á aðalskipulagi að svo stöddu, þó heimilt væri síðar að auglýsa breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.
29.08.2022	Umsögn framkvæmdadeildar um fráveitu	Ekki er mælt með að hús á nýju byggingasvæði verði teng rotþró þar sem það eykur mengunarálag við Elliðavatn og rotþrær víkjandi sbr fyrri samþykkt deiliskipulags.
28.09.2022	Umsögn skipulagsdeildar	Breytt landnotkun á þessu svæði samræmist ekki skilgreindri landnotkun í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, OP-5.19 og ákvæðum hverfisverndarsvæðis Elliðavatns HV-1. Mat skipulagsdeildar að ekki eigi að leyfa breytta landnotkun á lóðinni heldur eigi lóðin að vera áfram opið svæði.
11.08.2023	Sameiginleg umsögn skipulagsdeildar og framkvæmdadeildar	Áður en tekin er ákvörðun um breytingar á gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi þarf að meta umhverfisáhrif, þar á meðal áhrif á Elliðavatn og nærliggjandi svæði, innviði, íbúafjölda, skuggamyndun og vindáhrif. Jafnframt þarf að skoða útfærslu innviða, ofanvatnslausnir, leiksvæði og fyrirkomulag reksturs og viðhalds, svo sem vegna vega, snjómoksturs og sorphreinsunar. Í umhverfismati skal einnig leggja mat á byggðarmynstur, þéttleika og gæði nýrrar byggðar með hliðsjón af staðbundnum sérkennum og markmiðum aðalskipulags, meðal annars um þróun 20 mínútna hverfisins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

27.02.2024	Umsögn framkvæmdadeildar	Inn á því landi hefur nú þegar farið fram töluverð uppbygging íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæðis þar sem vegir eru enn malarvegir og veitur ýmist á þrýstilögn í einkaeigu eða í rotþróm sem ekki er vitað hvort samræmast nútímakröfum um fráveitu í námunda við viðkvæma viðtaka. Ekki liggur fyrir heildarhönnun veitna eða innviða á svæðinu eða með hvaða hætti slíkir innviðir hafa áhrif á strandsvæði, Elliðavatn og nálægð hverfisverndarsvæði. Því má ráðgera að umsjón, viðhald og rekstur þeirra innviða séu á hendi landeiganda ásamt vöktun á lífríki og áhrifum á nærumhverfið.
01.03.2024	Umsögn skipulagsdeildar	Í markmiðum aðalskipulagsins kemur m.a. fram að stefnt skal að því að opin svæði verði ekki skert enda bjóða þau upp á umhverfisleg gæði. Það er stefna í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að viðhalda opnum svæðum og gera aðgengi betra fyrir almenning að grænum svæðum almennt í Kópavogi. Strönd Elliðavatns býður upp á mikla útivistarmöguleika.
13.03.2024	Minnisblað um breytingar á skipulagssvæðinu	Uppbygging á skipulagssvæðinu hefur í öllum megin dráttum verið í samræmi við gildandi deiliskipulag Vatnsenda svæði milli vatns og vega, frá gildistöku þess. Deiliskipulaginu hefur verið breytt 15 sinnum og þar af eru 6 breytingar á lóð Kríuness, eins og áður hefur komið fram..

*Listi er ekki tæmandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Rafræn skilríki

Undirritað af: Kristjana H Kristjánsdóttir

Tími: 14.08.2026 12:18
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026